

## **Stúdentaráðsfundur 10. ágúst 2010**

### **6. fundur**

Mættir: *Jens Fjalar (V), Gabriella Unnur (R), Lilja Dögg (V), Stefán Þór (V), Inga Lára (V), Guðrún Sóley (V), Heimir (V), Stefán Rafn (S), Bergþóra (R), Halla (R), Kristín (R), Margrét (R).*

Áheyrnarfulltrúi: *Eva Björk*

### **Dagskrá**

#### **I. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð samþykkt.

#### **II. Fréttir af skrifstofu**

Jens Fjalar fer yfir áætlaða stúdentaráðsfundi vetarins sem verða annan þriðjudag í hverjum mánuði. Jens og Gabriella minna stúdentaráðsliða á að taka þátt í Buddy kerfinu. Bergþóra kemur með fyrirspurn varðandi hvort hægt sé að fá formenn nemendafélaga í tungumálanámi geti sent sérstaklega póst á nemendur og hvatt til að taka þátt í buddy kerfinu.

Jens tilkynnir um Auði Alfífu nýja ritstjóra stúdentaráðs. Hún mun hafa fasta viðveru á skrifstofunni. Stefán Rafn spyr hvort komið sé deadline á fyrsta blaði en það mun líklega koma út í lok september eða byrjun október. Jens og Gabriella segja frá þátttöku sinni í Gay pride þar sem þau gengu með Q félagi hinsegin stúdenta.

Jens segir frá kærinni sem við sendum til kjaramálanefndar háskólanema varðandi sjúkra- og upptökuprófin en hún var send frá vegna formgalla. Ástæðan er sú að ekki var farið í gegnum alla mögulega ferla innan háskólans en Jens og Gabriella munu halda áfram að vinna í því.

#### **III. Fréttir af nefndum**

*Hagsmunanefnd:* Guðrún Sóley fór á fund með FS þar sem þau sögðu henni frá öllu sem hefur gerst hjá þeim undanfarið. Þeir munu koma á fund hjá stúdentaráði með kynningu. Afsláttasöfnun hefur gengið erfiðlega vegna sumarleyfa hjá fyrirtækjum en stefnt er á að hafa lista kláran í haust.

*Jafnréttisnefnd:* Halla segir frá að það sé lítið að fréttastofan á síðasta fundi.

Jafnréttisáætlun er í startholum.

*Alþjóðanefnd:* Verður fundur næsta mánudag en annars lítið að fréttastofan samkvæmt Kristínu.

Björn Guðmundsson sér sér ekki fært að sinna formannsembættinu og verður nýr formaður kosinn á næsta fundi. Það verður Baldur Freyr.

#### **IV. Nýnemavika HÍ og Stúdentadagar Stúdentaráðs**

Félagslífsnefnd: Eva segir frá stöðunni – eru á fullu í að undirbúa haustið. Stúdentadagar verða 2-3 sept og nýnemavikan á sama tíma. Halla óskar eftir að lögð sé sérstök áhersla á að kynna hagsmunasamtökin og lagt er til að þau fái borð á góðum stað til að kynna sína starfsemi. Jens segir að það sé verið að ræða um að hafa fyrirkomulagið á nýnemadögunum svipað og það var í fyrra; kynningarganga, fyrirlestrar, háskóladansinn, tónleikar, alþjóðaskrifstofa, hagsmunasamtökin o.s.frv.. Umræða um hvernig megi lífga upp á stúdentadagana og fá meiri þátttöku. Bergþóra stingur upp á að reynt sé að finna e-ð sem nær betur til nýnemanna af því að yfirleitt eru það frekar eldri nemendur sem taka þátt á stúdentadögunum.

Nýnema- og stúdentadagar eru ræddir betur og hugmyndum varpað fram.

Stefán Rafn spyr hvort AM events sjái um Nýnemaballið en það eru ekki líkur á því. Það er verið að reyna að finna stað fyrir “sveitaball” sem væri þá á þeirra vegum.

Neyðarnúmerið verður aftur virkt í ár en það var í fyrsta skipti í fyrra. Nýnemar sem eru villtir geta því hringt og leitað aðstoðar við að finna stofur o.s.frv.

#### **V. Virðisaukaskattur af skólabókum**

Skattahækkun þýðir 17% verðhækkun fyrir kaup stúdenta á bókum skv. upplýsingum frá Sigurði. Teljum mikilvægt að ráðast gegn þessu strax af mikilli hörku og bíða ekki þar til fjárlagaumræður fara á fullt. Heimur stingur upp á að senda opið bréf til fjármálaráðherra þar sem farið er fram á staðfestingu á því að þetta muni ekki ná til námsbóka.

*Gat í fundargerð vegna rafmagnsáfalla.*

#### **VI. Akamedían og réttindaskrá stúdenta**

Það er komið tilboð í prentun. Akademiúnni verður dreift þegar stúdentaráð

gengur í stofur til að kynna starfið. Bergþóra stingur upp að haldið verði “bókhald” yfir dreifingu svo við vitum hvernig eintökin eru að dreifast og hvernig gengur á þetta. Lilja og Heimir prófarkalesa akademíuna.

Stefán Rafn sýnir útlitið sem er komið fyrir akademíuna.

## **VII. Strætómálin**

Samgönguhópurinn er búinn að senda póst á Einar. Besti flokkurinn hafði á stefnuskrá sinni að hafa ókeypis í strætó fyrir námsmenn og aumingja og við ætlum að ganga á eftir því.

## **VIII. Niðurskurðarhópur SHÍ**

Er í fullum gangi. Það er búið að opna síðuna “verjummenntun.is”. Þar verður skýrslan sem hópurinn vinnu og þar verður líka einfalt upplýsingamyndband um niðurskurðinn. Þar verður líka fréttaveita um starf nefndar og gang mála í niðurskurði og fjárlögum.

Allt á að vera tilbúið 30. ágúst og stefnan er að kynna allt á nýnema- og stúdentadögum. Þetta er stærsta verkefni ársins og mikilvægt að allir séu liðtækir í kynningu.

Bergþóra spyr varðandi að senda erindi eftir yfirlýsingu frá Óla Birni um að hann vildi opinn fund með skólastjórum allra háskólanna. Ætlum að senda beiðni um að fá að taka þátt í þessum fundi.

## **IX. Önnur mál**

Bergþóra er að fara að flytja til Danmerkur og þetta er því síðasti stúdentaráðsfundurinn hennar. Hún þakkar fyrir samvinnuna.

Planið varðandi sjúkra- og upptökuprófin er að senda erindi til háskólaráðs.